


Háskóli Íslands  
Rannveig Ólafsdóttir,  
PhD prófessor  
Askja - Sturlugata 7  
101 Reykjavík  
Iceland



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140700154/abb

## Efni: Óskað eftir leyfi til rannsókna í Friðlandi að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Rannveigar Ólafsdóttur hjá Háskóla Íslands, dags. 20. júlí sl., þar sem óskað er eftir leyfi til rannsókna í Friðlandi að Fjallabaki í byrjun ágúst nk. í ca. 4 daga. Einnig er sótt um leyfi til að skilja eftir ákveðin ummerki sem hluta af langtímarannsókn. Verkefnið heitir „*Experimental ecological impact of trampling/biking/horse-riding tourism in Iceland*“.

Í erindi umsækjanda er framkvæmdinni lýst svo:

Verkefnið er tilraunaverkefni sem hefur það að markmiði að kanna viðnám ólkra vistlenda við mismunandi álagi göngu-, hjóla- og hestaferðamanna. Verkefnið byggist á því að setja út tilraunareiti í tvenns konar vistlendi, þ.e. graslendi og lyngmóa, og mögulega einnig í moslendi. Settir verða út 5x3 tilraunareitir í hvert vistlendi, þ.e. 5 reitir fyrir hvern ferðamannaflokk, og áhrif ákveðins magns álags prófað og mælt í hverjum tilraunareit. Alls verða þannig lagðir út 15 (5x3) tilraunareitir (2,5m x 0,5m/hver reitur) í hvert vistlendi, á hverju rannsóknarsvæði (þ.e. eitt á láglendi og eitt á hálendi).

Fimm mismunandi álagsstig verða metin, þ.e. 0 (engir ferðamenn) = ekkert álag; 25 ferðamenn = lítið álag; 75 ferðamenn = meðal álag; 200 ferðamenn = mikið álag; og 500 ferðamenn = mjög mikið álag. Tilraunareitirnir verða aðskildir með 0,5 metra buffer. Áætlað er að á hverju svæði verða áhrif þriggja ferðamannahópa rannsókuð og mæld, þ.e.: Gönguferðamanna; hjólaferðamanna; og hestaferðamanna.

Finna á hentug svæði á Friðlandi að Fjallabaki (graslendi, lyngmóa, og moslendi úr alfaraleið). Umsækjandi hefur verið í sambandi við svæðislandvörð stofnunarinnar í Friðlandi að Fjallabaki um málið. Markmiðið er að þessir tilraunareitir fái svo að standa svo unnt verði að gera langtímarannsókn. Þ.e. að meta endurheimt hvers tilraunreits á hverju ári, og jafnframt endurtaka rannsóknina árlega. Þannig er hér einnig sótt um leyfi til að láta reitina standa áfram. Hver tilraunareitur verður merktur með fjórum tréhælum og band strengt á milli þeirra. Ef leyfi fæst fyrir langtímarannsókn, þá verða einungis tréhælarnir skyldir eftir, þ.e. bandið verður tekið burt og sett upp aftur er rannsóknin er endurtekin.

Rannsóknin gengur út á það að meta mismunandi álag vegna ferðamennsku. Þannig má búast


við raski á gróðri í tilraunareitunum. Hins vegar gengur rannsóknin einnig út á að meta endurheimt gróðurs. Ef Umhverfisstofnun fer fram á mótvægisadgerðir, þá má koma því við. Tilraunareitnir verða settir upp utan alfaraleiða. Staðsetning tilraunareita verður ákveðin í samstarfi við starfsmann Umhverfisstofnunar.

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979, sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Tilgangur friðlýsingar er að varðveita sérstök landsvæði þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra á sama hátt og við gerum. Til þess að svo geti orðið gilda ákveðnar reglur um umgengni til að hindra spjöll á náttúru eða röskun á svip landsins. Fjölbreytt landslag, sérstakt en viðkvæmt lífríki, öræfaauðn og kyrrð eru megininkenni Friðlands að Fjallabaki. Gestir svæðisins eru beðnir um að virða umgengnisreglur friðlandsins og leggja þannig sitt af mörkum svo að tilgangi friðlýsingar verði náð. Friðlandið er allt ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Landið er fjöllótt og mótað af eldvirkni, og jarðhita. Litadýrð er mikil, m.a. fyrir líparít og hrafntinnu í fjöllum. Hraun, ár og vötn setja líka svip á landslagið.

Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir þeirri rannsókn sem lýst hefur verið í umsókn, þó að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfi þetta gildir fyrir þá rannsókn sem lýst er í umsókn og takmarkast við fyrri hluta ágústmánaðar eða frá 1.-20. ágúst nk. Varðandi heimild til langtímarannsóknar sbr. lýsingi í umsókn þá er veitt leyfi til þriggja ára, eða til og með 20. ágúst 2017. Hægt er að sækja um framhald að þeim tíma liðnum með annari umsókn til stofnunarinnar.
- Hafa skal samband við svæðislandvörð Umhverfisstofnunar áður en rannsókn hefst og staðarval rannsóknarinnar skal vera í samráði við svæðislandvörð (Ingibjörg Eiríksdóttir s. 8224034).
- Svæðislandvörður getur farið fram á eðlilegar mótvægisadgerðir við rannsóknina.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun um allar breytingar á rannsóknaráætluninni.
- Þess verði gætt við rannsóknina að raska ekki jarðvegi og gróðri að óþörfu, einnig sem halda ber í lágmarki akstri utan vega sbr. 5. gr. rg. nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.
- Umhverfisstofnun fær endurgjaldslaust, afrit af þeim greinum, skýrslum og öðrum upplýsingum sem birtar verða um rannsóknina.
- Kynna verður leyfi þetta og skilyrði fyrir þeim sem koma að verkefninu í friðlandinu.

Virðingarfylst  
Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur

  
Kristín L. Arnadóttir  
Forstjóri